

22. stjórnarfundur Leiknar, mánudaginn 25. ágúst 2008, kl. 11.00.
Haldinn í húsnæði Iðunnar fræðsluseturs í Skúlatúni 2, Reykjavík.

Mætt: Guðjónína Sæmundsdóttir, Hulda Ólafsdóttir, Hildur Elín Vignir, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, Emil Björnsson og Finnur Gunnþórsson.

Dagskrá:

- 1) Tilnefning í dómnefnd Starfsmenntaverðlaunanna 2008. Samþykkt að Hildur Elín Vignir taki þátt í starfinu fyrir hönd Leiknar.
- 2) Norrænt samstarf – fundur í október. Formanni falið að kanna hvort hún getur sótt fundinn í Folkbiling Norden 7. október í Kaupmannahöfn.. Ef ekki, þá hafi hún samband við aðra stjórnarmenn. Formaður lagði til að reynt yrði að stuðla að því að sami einstaklingur sækti sem flesta fundi til að mynda samfellu í norræna starfinu. Þetta var samþykkt. Einnig var samþykkt að formaður skrifi bréf til menntamálaráðuneytisins með ósk um fjárstuðning til að standa undir erlendum samskiptum Leiknar kr. 500 þús. EB greindi frá því að helstu áherslur á fundi Folkbiling Norden í Stokkhólmi hafi verið hlýnun jarðar, innflytjendamálefni og þróunaraðstoð.
- 3) Þróunarsamvinnustofnun – þróunarstarf í fullorðinsfræðslu. Samtökunum barst boð um þátttöku á fundi í Osló þann 6. október n.k. Hulda Ólafsdóttir lýsti yfir áhuga á þessum málaflokki, svo og Finnur Gunnþórsson. Hulda greindi frá samskiptum sínum við Þróunarsamvinnustofnun vegna hugsanlegs styrks til að sækja fundinn. Sú umleitan bar ekki árangur. Samþykkt var að Leikn myndi ekki kosta fulltrúa á fundinn. Samþykkt var að skrifa bréf til Þróunarsamvinnustofnunar með útskýringu á hverju Leikn stendur fyrir og kynningu á starfseminni. Samrit skal sent í utanríkisráðuneytið. Formanni var falið verkefnið.
- 4) Tilgangur Leiknar. Í framhaldi af umræðum á síðasta fundi stjórnar leiddi formaður umræðu um samþykktir Leiknar, möguleika í starfinu og hugsanlega fjölgun félagsaðila. Sjónum var einkum beint að greinum 3., 4. og 5 með áherslu á hvernig við gætum staðið betur að málum. Eftirfarandi áhersluatriði voru dregin fram. Varðandi 3.1. Að stjórn geri árlega áætlun yfir þau málefni, sem verða í forgangi á árinu. Þau málefni sem koma til greina gætu verið fjármál Leiknar, lög um fullorðinsfræðslu og gæðamál (vottun fræðsluaðila, nemendabókhald). Varðandi lið 2 verði lögð áhersla á að halda á næsta ári einn veglegan og góðan félagsfund með áhugaverðu efni sem dregur marga félagsmenn til fundarins. Stjórnarmenn töldu að þróun í lið 3. væri viðunandi og vel hefði verið staðið að málefnum skv. lið 4. Málefni skv. 5 lið hefðu ekki gengið nógu vel, en metnaður yrði lagður í næsta félagsfund. Málefni samkvæmt 6. lið væru í þökkalega góðri þróun miðað við kringumstæður, en umfang starfseminnar setur allri þróun skorður. Til undirbúnings unræðum um stækkun samtakanna var farið í hugflæði um hugsanlega félagsaðila og gerður listi, sem skoðaður verður nánar á næsta fundi stjórnar.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 13.00

Listi sem var gerður í hugflæði:

Öldungadeildir

Vinnumiðlanir

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins

Rafiðnaðarskólinn

Fyrirtæki – fræðsludeildir s.s. Bankar, Flugleiðir

Alþjóðahús – fjölmenningssetur

Félagasamtök s.s. stjórnvísir

EHÍ – EHA – Opni háskólinn í HR

MFA – Félagsmálaskóli alþýðu

Fræðslufyrirtæki – Þekkingarmiðlun – Mínerva – Capacent – HR ráðgjöf – Einyrkjar

Starfsendurhæfing t.d. Hringsjá

Nýsköpunarmiðstöð – Impra

Heimilisiðnaðarskólinn

Húsmæðraskólar

Starfsmennt